

2014:12 • 23. september 2014

Fjármál hins opinbera 2013 – endurskoðun

General government finances 2013 – revision

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 32 milljarða króna árið 2013 eða 1,7% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 65,2 milljarða króna árið 2012 eða 3,7% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu tæpum 796 milljörðum króna og jukust um 55 milljarða króna milli ára eða um 7,4%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 42,5%. Útgjöld hins opinbera voru 828 milljarðar króna og jukust um 22 milljarða króna milli ára eða 2,7% en hlutfall þeirra af landsframleiðslu var 44,2%.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 165 milljarðar króna 2013 eða 8,8% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 133 milljarðar króna en hlutur heimila um 32 milljarðar eða 19,2%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 412 þúsundum króna og jukust þau um 7,9% milli ára. Frá árinu 2008 hafa þau dregist saman um rúm 10% á mann á verðlagi 2013.

Til fræðslumála var ráðstafað 146 milljörðum króna 2013 eða 7,8% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 131 milljarður króna og hlutur heimilanna 14 milljarðar króna eða 9,7%. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 406 þúsund krónum og hafa þau minnkað um 13% að raunvirði frá 2008.

Hrein peningaleg eign hins opinbera var neikvæð um 971 milljarða króna árið 2013 eða 51,8% af vergri landsframleiðslu og er það 20 milljörðum verri staða en 2012. Peningalegar eignir voru 1.199 milljarður og heildarskuldir 2.169 milljarðar króna í árslok 2013.

Innleiðing nýs þjóðhagsreikningastaðals, ESA2010 og aðrar breytingar sem gerðar hafa verið á mati á fjármálum hins opinbera, aftur til 1998 leiða af sér að samneyslan dregst saman árin 1998–2010 en eykst árin 2011–2013.

Inngangur

Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis-, velferðar- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum.

Innleiðing ESA2010 og aðrar endurbætur

Nýr þjóðhagsreikningastaðall, ESA2010, hefur verið tekinn í notkun. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á tekna- og gjaldahlið hins opinbera aftur til ársins 1998. Vegna þessara breytinga dregst samneyslan saman árin 1998–2010 en eykst árin 2011–2013. Gerð er nánari grein fyrir þessum breytingum á samneyslunni, á bls. 11 í Hagtíðindum, *Landsframléiðsla 2013 – endurskoðun*, sem gefin voru út föstudaginn 19. september.

Helsta breytingin er að rannsóknar- og þróunarkostnaður telst nú fjárfesting en var áður talinn með samneyslu. Árið 1998 voru 3,8 milljarðar króna færðir úr samneyslu yfir í fjárfestingu og um 10–11 milljarðar króna árin 2008–2013. Tæplega 70% er vegna launa en um 30% vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá voru niðurstöður fyrir óbeint mælda fjármálaþjónustu (FISIM) endurskoðaðar og eru áhrif þeirra breytinga mest á árunum 2010–2012. Auk þessa var endurgreiðsla á virðisaukaskatti til opinberra aðila (vegna kaupa á sérfræðiþjónustu, sorphreinsun o.fl.) leiðrétt og vex samneyslan sem henni nemur árin 1998–2013. Aðrar, minniháttar, breytingar á tölum eru vegna betri eða endurskoðaðra gagna.

Erfðafjárskattur hefur ávallt verið færður sem fjármagnstilfærsla en er nú færður undir eignarskatta. Í fjárfestingu voru kaup á skipum og flugvélum árin 2007–2011 endurskoðuð. Samkvæmt stöðlum þjóðhagsreikninga á að gjaldfæra kaupin við afhendingu vöru en þau höfðu verið gjaldfærð jafnóðum og greiðslur fóru fram. Árið 2013 var útgjöldum vegna Vaðlaheiðarganga bætt við fjárfestinguna en samkvæmt skilgreiningum þjóðhagsreikninga eru þetta útgjöld ríkissjóðs þar sem ríkið er í ábyrgð fyrir verkinu. Þessar breytingar á fjárfestingunni hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.


Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2013

Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2013



Árið 2013 runnu 72,5% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 27,2% til sveitarfélaga. Af tekjum ríkissjóðs runnu 33,1% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 164,5 milljarðar króna til almannatrygginga og 26,6 milljarðar króna til sveitarfélaga. Hluttur almannatrygginga í útgjöldum hins opinbera eru 18,5% eða 152,7 milljarðar króna, sveitarfélaga 30,0% eða 248 milljarðar króna, og ríkissjóðs 51,6% eða 427 milljarðar króna.

Afkoma hins opinbera


Tekjuhalli hins opinbera nam 1,7% af landsframleiðslu 2013

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 32 milljarða króna árið 2013 eða sem nemur 1,7% af landsframleiðslu og 4,0% af tekjum þess. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 65,2 milljarða króna árið 2012 eða 3,7% af landsframleiðslu. Hagstæðari afkoma 2013 skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum, en skatttekjur og tryggingargjöld jukust um 50 milljarða króna milli ára en aðrar tekjur um 5,9 milljarða króna. Á sama tíma jukust útgjöld hins opinbera um 21,6 milljarða króna milli ára. Launakostnaður jókst um 14,1 milljarð króna. Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög minnkuðu um 8,6 milljarða og félagslegar tilfærslur til heimila drógust saman um 1,4 milljarða króna.

Síðustu ár hafa verið fjárhag hins opinbera þung í skauti og berst ríkissjóður enn við afleiðingar hrunsins. Í reikning ársins 2013 er fært 4,5 milljarða framlag til Íbúðalánasjóðs en árið 2012 var það framlag 13 milljarðar, til styrkingar eiginfjárstöðu sjóðsins. Í leiðbeiningum Eurostat, Manual on Government Deficit and Debt (MGDD) og AGS um fjárhag hins opinbera kemur fram að fjárframlög til ríkisaðila sem ekki skila sér í arðgreiðslum eða afrakstri síðar meir teljist sem fjármagnstilfærsla til þeirra. Í uppgjöri ársins 2011 eru 19,2 milljarða útgjöld vegna áfallinna ríkisábyrgða, í uppgjöri ársins 2010 eru um 55,5 milljarða útgjöld vegna 33 milljarða framlags til Íbúðalánasjóðs og 22,5 milljarða áfallinna ríkisábyrgða. Í uppgjöri ársins 2008 er 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands.

Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2013 var tekjuhalli ríkissjóðs 33,5 milljarðar króna eða 1,8% af landsframleiðslu, samanborið við um 58,3 milljarða króna 2012 eða 3,3% af landsframleiðslu.

Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2007–2013

Table 1. General government finances 2007–2013

Í milljörðum króna / In billion ISK	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Tekjur hins opinbera / General gov. revenue	623,8	653,6	617,1	641,2	682,4	741,1	795,9
Útgjöld hins opinbera / Gen. gov. expenditure	553,1	853,7	770,9	799,0	777,4	806,3	827,9
Tekjuafkoma hins opinbera / Gen. gov. NLB	70,7	-200,2	-153,8	-157,8	-95,0	-65,2	-32,0
Hlutfall af VLF / Per cent of GDP							
Tekjur hins opinbera / Gen. gov. revenue	45,4	42,2	38,9	39,6	40,1	41,8	42,5
Útgjöld hins opinbera / Gen. gov. expenditure	40,3	55,2	48,6	49,3	45,7	45,5	44,2
Tekjuafkoma hins opinbera / Gen. gov. NLB	5,1	-12,9	-9,7	-9,7	-5,6	-3,7	-1,7
Tekjuafkoma ríkissjóðs / Central gov. NLB	3,5	-12,5	-8,1	-9,1	-5,7	-3,3	-1,8
Tekjuafkoma sveitarfélaga / Local gov. NLB	0,6	-0,8	-1,0	-0,8	-0,2	-0,4	-0,2
Tekjuafkoma almennatrygg. / SSF NLB	0,8	0,3	-0,7	0,1	0,4	0,0	0,3

Tekjuhalli sveitarfélaga var 4,5 milljarðar króna

Tekjuhalli sveitarfélaga árið 2013 var 4,5 milljarðar króna eða 0,2% af landsframleiðslu og 1,9% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhalli þeirra 7,4 milljarðar króna árið 2012 eða 0,4% af landsframleiðslu. Skatttekjur sveitarfélaganna hækkuðu um 14,8 milljarða króna milli ára og aðrar tekjur um 5,6 milljarða króna. Fjárfesting jókst um 2,8 milljarða.

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist 5,1 milljarði króna hagstæðari en bráðabirgðatölur frá mars á þessu ári bentu til. Við samanburðinn verður að taka tillit til breytinga vegna innleiðingar nýs þjóðhagsreikningastaðals, ESA 2010. Samkvæmt honum teljast útgjöld til rannsókna og þróunar sem fjárfesting nú, en voru áður talin með í samneyslu. Áhrifin af þessari breytingu fyrir 2013 voru að 11,7 milljarðar króna bættust við fjárfestinguna en launakostnaður dróst saman um 8,2 milljarða og vöru- og þjónustukaup um 3,5 milljarða.

Tafla 2. Fjármál hins opinbera 2013, breytingar frá áætlun í mars

Table 2. General government finances 2013, main changes from March results

Í milljörðum króna In billion ISK	Mars March	September	Breytingar Changes
Heildartekjur Total revenue	789,1	795,9	6,8
Heildarútgjöld Total expenditure	826,3	827,9	1,6
Laun Wages and salaries	266,5	256,8	-9,7
Kaup á vöru og þjónustu Purchase of G&S	211,1	218,1	7,0
Vaxtagjöld Interest	94,4	90,6	-3,8
Framleiðslustyrkir Subsidies	32,3	31,1	-1,3
Fjárframlög Grants	4,2	4,3	0,1
Félagslegar tilfærslur til heimila Social benefits	132,6	132,6	0,0
Tilfærsluútgjöld Other expense	45,5	41,7	-3,8
Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	39,6	52,8	13,2
Tekjuafkoma Net lending / borrowing	-37,1	-32,0	5,1


Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera námu 42,5% af landsframleiðslu árið 2013

Tekjur hins opinbera námu 795,9 milljörðum króna árið 2013 og hækkuðu um 54,8 milljarða króna milli ára eða 7,4%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 42,5% samanborið við 41,8% árið 2012 og 40,1% árið 2011. Frá árinu 2009 hafa tekjur hins opinbera vaxið hægt sem hluti af landsframleiðslu og dregið úr útgjöldum frá árinu 2010.

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



Tafla 3. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2007–2013

Table 3. General government total revenue 2007–2013

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Hið opinbera <i>General government</i>	623,8	653,6	617,1	641,2	682,4	741,1	795,9
Ríkissjóður <i>Central government</i>	457,3	479,1	450,3	474,7	497,1	545,5	584,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	187,6	195,8	191,7	194,8	214,7	225,7	244,9
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	103,4	133,3	133,8	143,0	160,9	157,8	166,8
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Hið opinbera <i>General government</i>	45,4	42,2	38,9	39,6	40,1	41,8	42,5
Ríkissjóður <i>Central government</i>	33,3	31,0	28,4	29,3	29,2	30,8	31,2
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	13,7	12,7	12,1	12,0	12,6	12,7	13,1
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	7,9	7,3	8,4	8,8	9,5	8,9	8,9

Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera um 676 milljörðum króna.

Megintekjustofnar hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld, sem skiluðu hinu opinbera 676 milljörðum króna árið 2013 eða 85% tekna þess. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa skatttekjur og tryggingagjöld hækkað úr 35,3% af landsframleiðslu árið 2012 í 36,1% árið 2013, en hæst mældist þetta hlutfall árið 2006 er það var 40,5% af landsframleiðslu. Aðrar tekjur hins opinbera, eins og sölu- og eignatekjur, jukust um 5,4% milli ára. Árið 2013 skiluðu þær hinu opinbera 116,8 milljörðum króna eða 6,2% af landsframleiðslu, en samsvarandi hlutfall var 6,3% árið 2012.

Tafla 4. Megintekjustofnar hins opinbera 2007–2013


Table 4. General government main income types 2007–2013

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	623,8	653,6	617,1	641,2	682,4	741,1	795,9
Skatttekjur <i>Taxes</i>	493,2	503,0	462,8	478,0	519,1	561,6	606,2
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	39,6	41,6	45,9	63,6	66,8	64,9	69,9
Fjárframlög <i>Grants</i>	1,1	1,5	2,2	2,4	2,9	3,7	2,9
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	92,6	109,6	106,3	97,2	93,5	110,9	116,8
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	45,4	42,2	38,9	39,6	40,1	41,8	42,5
Skatttekjur <i>Taxes</i>	35,9	32,5	29,2	29,5	30,5	31,7	32,4
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	2,9	2,7	2,9	3,9	3,9	3,7	3,7
Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	0,1	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	6,7	7,1	6,7	6,0	5,5	6,3	6,2

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera 315,6 milljörðum króna árið 2013 eða 50,4% skatttekna og 16,8% af landsframleiðslu. Skattar á vöru og þjónustu skiluðu 220,8 milljörðum króna eða 37,6% þessara tekna og um 11,8% af landsframleiðslu. Þar af gaf virðisaukaskatturinn 150 milljarða króna eða 8,0% af landsframleiðslu.

Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government main taxes as per cent of GDP



Eignaskattar hins opinbera námu 46,5 milljörðum króna árið 2013 og vógu fasteignaskattar þar þyngst, en áætlað er að þeir hafi skilað hinu opinbera 30,5 milljörðum króna sem er 5,3% hærri fjárhæð en 2012.

Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti, einkum tollar, skiluðu hinu opinbera 5,8 milljörðum króna á árinu 2013 eða 0,3% af landsframleiðslu. Aðrir tekjur, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru 116,8 milljarðar króna árið 2013 og jukust um 5,4% frá fyrra ári.

Tafla 5. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2007–2013

Table 5. General government taxes and social contributions 2007–2013

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Skattar og tr.gjöld Taxes and social contrib.	38,8	35,2	32,1	33,4	34,5	35,3	36,1
Skattar á tekjur og hagnað Taxes on income	17,6	17,0	15,1	14,8	15,7	16,0	16,8
Skattar á launagreiðslur Taxes on payroll	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,3	0,3
Eignaskattar Taxes on property	2,4	2,1	2,1	2,3	2,3	2,5	2,5
Skattar á vöru og þjónustu Taxes on G&S	15,3	12,7	11,1	11,4	11,5	11,9	11,8
Skattar á alþ.viðskipti Taxes on intern. trade	0,4	0,4	0,3	0,4	0,4	0,4	0,3
Aðrir skattar Other taxes	0,1	0,1	0,4	0,4	0,5	0,6	0,6
Tryggingagjöld Social contributions	2,9	2,7	2,9	3,9	3,9	3,7	3,7

Tafla 6. Tekjuskattar hins opinbera 2007–2013Table 6. *The general government tax on income and profits 2007–2013*

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	241,4	263,5	239,9	239,7	266,8	283,2	315,6
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	180,1	195,6	192,3	197,3	220,6	234,5	258,6
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	32,6	28,5	26,5	14,6	29,5	34,0	40,5
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	28,8	39,3	21,1	27,7	16,8	14,8	16,5
Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	17,6	17,0	15,1	14,8	15,7	16,0	16,8
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	13,1	12,6	12,1	12,2	13,0	13,2	13,8
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	2,4	1,8	1,7	0,9	1,7	1,9	2,2
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	2,1	2,5	1,3	1,7	1,0	0,8	0,9

Útgjöld hins opinbera


Útgjöld hins opinbera jókst en hlutfall þeirra af landsframleiðslu lækkaði

Útgjöld hins opinbera voru 827,9 milljarðar króna árið 2013 og jókst um 21,6 milljarða króna milli ára eða 2,7% og er hlutur þeirra af landsframleiðslu 44,2%. Launakostnaður jókst um 5,8% en vaxtakostnaður um 1,3%. Fjárfesting jókst um 7,1 milljarð króna frá árinu 2012 eða 15,4%. Útgjöld vegna Vaðlaheiðarganga eru talin með en þau námu tæpum 1,9 milljörðum króna.

Tafla 7. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2007–2013Table 7. *The general government expenditure 2007–2013*

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Hið opinbera <i>General government</i>	553,1	853,7	770,9	799,0	777,4	806,3	827,9
Ríkissjóður <i>Central government</i>	409,5	673,0	578,7	621,5	593,9	603,9	618,0
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	179,1	208,2	206,1	207,2	218,7	232,4	249,3
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	92,1	108,9	144,2	141,1	154,2	157,2	160,8
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Hið opinbera <i>General government</i>	40,3	55,2	48,6	49,3	45,7	45,5	44,2
Ríkissjóður <i>Central government</i>	29,8	43,5	36,5	38,3	34,9	34,0	33,0
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	13,0	13,4	13,0	12,8	12,9	13,1	13,3
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	6,7	7,0	9,1	8,7	9,1	8,9	8,6

Heildarútgjöld ríkissjóðs jókst um 2,3% milli ára en útgjöld sveitarfélaganna um 7,0%. Þá jókst útgjöld almannatrygginga um 2,3%.

Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF*Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP*

Samneysluútgjöld eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum hins opinbera, þ.e. launaútgjöld og kaup að frádreginni sölu á vöru og þjónustu og að viðbættum afskriftum, námu 455,7 milljörðum króna árið 2013 og eru 24,3% af landsframleiðslu.

Tafla 8. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2007–2013*Table 8. The general government expenditure by economic type 2007–2013*

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Heildarútgjöld Total expenditure	40,7	55,4	48,6	49,3	45,7	45,5	44,2
Laun Wages and salaries	13,7	13,5	13,7	13,6	13,5	13,7	13,7
Kaup á vöru og þjón. Use of goods & services	10,6	11,3	12,1	11,9	11,8	11,8	11,6
Vaxtagjöld Interest	2,4	3,1	6,1	5,0	4,6	5,0	4,8
Framleiðslustyrkir Subsidies	1,7	1,8	1,8	1,7	1,7	1,7	1,7
Félagslegar tilf. til heimila Social benefits	5,5	5,8	7,7	7,4	8,1	7,5	7,1
Önnur tilfærsluútgjöld Other expenditure	2,2	14,9	3,0	6,0	3,1	2,8	2,2
Fjárfesting Acquisition of nonfinancial assets	4,6	4,8	3,9	3,3	2,6	2,6	2,8

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 11,2% af landsframleiðslu árið 2013.

Vaxtagjöld hins opinbera námu um 91 milljarði króna 2013

Á árinu 2013 voru vaxtaútgjöld hins opinbera 4,8% af landsframleiðslu og 11,4% af tekjum. Vaxtagjöld voru hæst árið 2009 eða 6,1% af landsframleiðslu.

Tafla 9. Meginmálaflokkar hins opinbera 2007–2013

Table 9. The general government main functions 2007–2013


Innbyrðis hlutdeild <i>Percentage breakdown</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Æðsta stjórnarsýsla <i>Gen. public services</i>	13,4	11,4	19,6	17,4	17,6	19,1	18,8
Varnarmál <i>Defence</i>	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,0	0,1
Réttar- og öryggismál <i>Public order and safety</i>	3,4	2,4	3,2	2,6	3,6	3,1	3,2
Efnahags- og atvinnumál <i>Economic affairs</i>	13,9	33,8	12,4	13,7	12,5	10,6	10,7
Umhverfismál <i>Environmental protection</i>	1,5	1,2	1,3	1,3	1,3	1,3	1,4
Húsn.- og skipulagsmál <i>Housing & community</i>	1,2	0,9	1,0	4,8	0,7	2,4	1,4
Heilbrigðismál <i>Health affairs</i>	18,5	13,7	16,3	15,2	16,0	16,3	16,9
Menning og íþróttamál <i>Recreation and culture</i>	8,9	6,6	7,3	7,1	6,9	6,9	7,3
Fræðslumál <i>Education</i>	19,2	14,6	16,8	16,2	17,0	16,9	17,3
Alm.trygg. og velferðarmál <i>Social protection</i>	20,0	15,4	22,0	21,6	24,3	23,2	22,8

Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru víðamestu málaflokkar hins opinbera

Almannatryggingar og velferðarmál eru fjárfrekasti málaflokkur hins opinbera en útgjöld til hans voru 22,8% af heildarútgjöldum 2013. Til heilbrigðismála hins opinbera runnu um 16,9% útgjalda. Fjallað er sérstaklega um þróun útgjalda til heilbrigðis-, fræðslu- og velferðarmála í sérstökum köflum hér á eftir, en til þessara málaflokka runnu 58,6% útgjalda hins opinbera eða 25,2% af landsframleiðslu.

Mynd 6. Þrjú stærstu málaflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 6. General government main expenditure functions as per cent of GDP



Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu 7,1% af landsframleiðslu árið 2013

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2013 námu 133,2 milljörðum króna¹ eða 7,1% af landsframleiðslu. Þau jukust um 9 milljarða milli ára eða um 7,4%. Af heildarútgjöldum hins opinbera árið 2013 fóru 16,9% til heilbrigðismála.

Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2007–2013

Table 10. The general government expenditure on health 2007–2013

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health</i>¹	7,1	7,2	7,5	7,1	7,0	7,0	7,1
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,7	0,8	0,9	0,8	0,7	0,7	0,6
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,3	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4
3. Sjúkrahúsþjónusta <i>Hospital services</i>	4,9	4,9	5,0	4,7	4,6	4,7	4,8
4. Forvarnir og alm. heilbr.þj. <i>Public health serv.</i>	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2

¹ Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Árið 2013 var 4,8% af landsframleiðslu ráðstafað til sjúkrahúsþjónustu eða 90,5 milljörðum króna. Að raungildi á mann jukust útgjöld til sjúkrahúsastofnana um 2,8% og um 4,4% vegna þjónustu við ferlisjúklinga. Hins vegar drógust útgjöld til lyfja- og hjálpartækjakaupa saman um 9,2%.

Hluttur almennrar sjúkrahúsþjónustu í opinberum útgjöldum til heilbrigðisþjónustu var 67,9%. Í þjónustu við ferlisjúklinga, vega þyngst almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og runnu um 19,9% heilbrigðisútgjalda til þessara mála árið 2013. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa nemur um 8,8% opinberra útgjalda til heilbrigðismála.

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

Tafla 11. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2013Table 11. *The expenditure on health 1998–2013*

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild af heild <i>HH % of totals</i>	Heilbr.útgj.- staðvirt ¹ <i>Health exp. in fixed prices¹</i>	Heilbr.útgj.- staðvirt á mann ¹ <i>Health exp. per capita¹</i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House-holds</i>	Samtals <i>Total</i>			
1998	7,16	1,73	8,91	19,5	100,0	100,0
1999	7,91	1,70	9,63	17,6	108,3	107,0
2000	7,70	1,78	9,50	18,7	108,5	105,7
2001	7,56	1,76	9,34	18,8	110,3	105,9
2002	8,06	1,78	9,85	18,0	117,7	112,1
2003	8,21	1,84	10,06	18,3	119,7	113,3
2004	7,74	1,79	9,53	18,8	119,6	111,9
2005	7,45	1,71	9,15	18,6	119,2	110,3
2006	7,29	1,61	8,89	18,1	119,9	107,9
2007	7,15	1,52	8,66	17,5	123,9	108,9
2008	7,22	1,52	8,74	17,4	126,8	108,7
2009	7,46	1,64	9,10	18,1	124,4	106,7
2010	7,07	1,74	8,79	19,7	118,5	102,1
2011	6,97	1,68	8,67	19,4	117,2	100,6
2012	6,99	1,69	8,69	19,5	116,6	99,5
2013	7,11	1,69	8,81	19,2	119,3	100,9

¹ Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. Magnvísitala, 1998=100. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption. Volume index 1998=100.*

Heilbrigðismál námu 8,8% af landsframleiðslu árið 2013

Heildarútgjöld til heilbrigðismála námu 8,8% af landsframleiðslu á árinu 2013. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 um 10,1%. Tæp 20% útgjaldanna árið 2013 voru fjármögnuð af heimilunum, en það er svipað hlutfall og undanfarin ár. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa aukist um rúm 19% frá árinu 1998, en útgjöld á mann hafa dregist saman síðustu ár og eru nú álíka mikil og árið 1998.

Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 131,5 milljörðum króna

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 7,0% af landsframleiðslu á árinu 2013. Af útgjöldunum rann 47,3% til grunnskólastigsins eða 62,2 milljarðar króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera 27,3 milljarðar króna eða 1,5% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð eða 22,2 milljarða króna sem er 3,8% hærri fjárhæð en árið áður. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 12,5 milljörðum króna 2013 og jukust þau um 6,2% milli ára. Að raungildi á mann drógust útgjöld til framhaldsskólastigs saman um 1,5%, en stóðu í stað eða jukust lítillega til annarra skólastiga.

Tafla 12. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2007–2013

Table 12. The general government expenditure on education 2007–2013

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Fræðsluútgjöld alls¹ <i>Expenditure on education¹</i>	7,1	7,3	7,5	7,3	7,1	7,0	7,0
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,7	0,7	0,8	0,7	0,7	0,7	0,7
2. Grunnskólastig <i>Primary and secondary edu.</i>	3,5	3,5	3,5	3,4	3,4	3,3	3,3
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,2	1,2	1,3	1,2	1,2	1,2	1,2
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,4	1,5	1,6	1,6	1,4	1,5	1,5
5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i>	0,2	0,2	0,3	0,3	0,2	0,3	0,3
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,2	0,1	0,1	0,1	0,2	0,1	0,1

¹ Kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education in excluded.*

Tafla 13. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2013

Table 13. The expenditure on education 1998–2013

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Fræðsluútgj. staðvirt ¹ <i>Edu. exp. in fixed prices¹</i>	Fræðsluútgj. staðvirt á mann ¹ <i>Edu. exp. per capita¹</i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>Households</i>	Samtals <i>Total</i>			
	1998	6,39	0,68			
1999	6,56	0,69	7,25	9,5	103,5	102,2
2000	6,63	0,69	7,31	9,4	107,0	104,2
2001	6,89	0,71	7,59	9,3	115,8	111,2
2002	7,52	0,78	8,30	9,4	123,7	117,7
2003	7,46	0,87	8,32	10,4	122,6	116,0
2004	7,34	0,81	8,16	10,0	128,4	120,2
2005	7,49	0,81	8,31	9,8	136,8	126,6
2006	7,48	0,79	8,27	9,5	142,4	128,1
2007	7,14	0,72	7,87	9,2	145,8	128,2
2008	7,34	0,67	8,01	8,4	152,3	130,6
2009	7,50	0,69	8,18	8,4	145,5	124,8
2010	7,31	0,69	8,01	8,7	139,9	120,5
2011	7,14	0,70	7,84	8,9	138,1	118,5
2012	7,02	0,73	7,75	9,4	134,7	115,0
2013	7,02	0,75	7,77	9,7	136,4	115,3

¹ Fræðsluútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslnnar. Magnvísitala, 1998=100. *Expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Volume index, 1998=100*

Útgjöld til fræðslumála voru 406 þúsund krónur á mann árið 2013 og hafa þau dregist saman um 61 þúsund krónur frá 2008 á föstu verðlagi eða um 13,1%.

Til fræðslumála í landinu er ráðstafað um 8% af landsframleiðslu

Heildarútgjöld til fræðslumála voru um 7,8% af landsframleiðslu árið 2013. Útgjöldin hafa aukist lítillega milli ára á föstu verðlagi. Um 9,7% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum og hefur hlutdeild þeirra aukist síðustu sex ár. Fræðsluútgjöld á föstu verði hafa lækkað um 10,4% frá árinu 2008 en árin þar á undan höfðu þau vaxið jafnt og þétt. Frá árinu 1998 hafa útgjöldin aukist að raungildi um 36,4% eða um 15,3% á mann.

Almannatryggingar og velferðarmál

Undir almannatryggingar og velferðarmál falla félagslegar tilfærslur til einstaklinga og ýmiss konar velferðarþjónusta

Til málaflokksins almannatryggingar og velferðarmál teljast ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, fæðinga og atvinnuleysis, og ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn, fatlaða og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga.

Hið opinbera ráðstafaði 189 milljörðum króna til almannatrygginga og velferðarmála 2013

Á árinu 2013 runnu 189 milljarðar króna til málaflokksins, eða 10,1% af landsframleiðslu og er það svipað hlutfall og árin 2009-2012. Útgjöld vegna húsnæðisaðstoðar og atvinnuleysis hafa samt dregist saman, sem skýrist af lægri vaxtabótum og batnandi stöðu á vinnumarkaði.

Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar og öldrunar eru umfangsmestu útgjaldaliðirnir. Útgjöld vegna örorku og fötlunar námu 2,9% af landsframleiðslu. Til öldrunar runnu 2,5% og til fjölskyldna og barna um 2,4%. Framlög vegna atvinnuleysis námu 16,8 milljörðum króna árið 2013 sem er lækkun um 22,7% frá fyrra ári.

Tafla 14. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 2007–2013

Table 14. The general government expenditure on social protection 2007–2013

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Alm.trygg. og velf.mál alls <i>Social protection</i>	8,11	8,52	10,68	10,61	11,16	10,68	10,09
1. Sjúkdómar <i>Sickness</i>	0,05	0,06	0,06	0,05	0,05	0,05	0,06
2. Örorka og fötlun <i>Disability</i>	2,06	2,25	2,58	2,59	2,80	2,82	2,86
3. Öldrun <i>Old age</i>	2,12	2,14	2,10	2,00	2,47	2,49	2,51
4. Eftirlifendur <i>Survivors</i>	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02
5. Fjölskyldur og börn <i>Family and children</i>	2,46	2,43	2,63	2,59	2,31	2,26	2,39
6. Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	0,23	0,35	1,62	1,56	1,46	1,31	0,90
7. Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	0,58	0,65	0,92	1,00	1,39	1,11	0,72
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion</i>	0,26	0,30	0,37	0,41	0,45	0,46	0,42
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s. <i>Soc. prot. n.e.c.</i>	0,34	0,32	0,37	0,38	0,20	0,20	0,21

Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála námu 584 þúsund krónum á mann 2013

Árið 2013 voru útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála 584 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs, eða 26 þúsund króna lægri fjárhæð en árið á undan á sama verðlagi. Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar voru tæplega 166 þúsund krónur á mann 2013 og vegna öldrunar 145 þúsund krónur. Útgjöld vegna fjölskyldna og barna námu hins vegar um 138 þúsund krónum á mann árið 2013 og vegna atvinnuleysis 52 þúsund krónum. Kostnaður vegna húsnæðisaðstoðar nam um 41 þúsund krónum á mann árið 2013 sem er aðeins um helmingur þess sem hann var þegar hann var mestur, árið 2011.

Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir hins opinbera rýrnuðu um 20 milljarða króna árið 2013

Peningalegar eignir hins opinbera námu 1.199 milljörðum króna í árslok 2013 eða sem nemur 64% af landsframleiðslu. Lánveitingar námu 196,6 milljörðum króna í árslok 2013 og sjóðir og bankainnistæður námu 427,3 milljörðum króna í árslok.

Heildarskuldir hins opinbera voru 2.169 milljarður króna 2013

Heildarskuldir hins opinbera námu 2.169 milljörðum króna í árslok 2013 eða 115,8% af landsframleiðslu. Erlendar lántökur námu 402,5 milljörðum króna í árslok eða 24,4% af landsframleiðslu. Innendar lántökur námu 357 milljörðum króna í árslok Bæði verðbréfa- og viðskiptaskuldir lækkuðu frá árinu 2012 sem hlutfall af landsframleiðslu.


Tafla 15. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2007–2013

Table 15. The general government financial assets and liabilities 2007–2013

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	51,7	72,8	75,5	72,9	75,4	70,4	64,0
Skuldir <i>Liabilities</i>	50,7	97,7	113,1	118,5	126,7	124,0	115,8
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	9,1	19,9	39,4	44,6	46,4	47,3	45,0
Lántökur <i>Loans</i>	18,0	47,4	43,7	43,5	48,7	45,5	40,6
Innendar lántökur <i>Domestic loans</i>	5,3	23,8	18,2	20,0	20,6	19,7	19,1
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	12,7	23,6	25,5	23,5	28,2	25,7	21,5
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	19,5	24,7	23,9	23,6	24,5	24,7	24,4
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	4,1	5,7	6,2	6,8	7,1	6,5	5,9
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	1,0	-24,9	-37,6	-45,6	-51,4	-53,6	-51,8

Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



Hið opinbera og opinber fyrirtæki

Eins og fram kom hér að framan nær hin hefðbundna skilgreining hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum einungis til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til opinbera geirans, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Tafla 16. Fjármál hins opinbera og fyrirtækja þess 2007–2013

Table 16. Public sector accounts 2007–2013


Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Rekstrartekjur <i>Total revenue</i>	60,0	64,3	57,7	55,0	57,1	58,8	58,7
Rekstrargjöld <i>Total expenditure</i>	51,3	75,5	64,9	63,3	60,2	61,2	58,0
Rekstrarjöfn. <i>Net operation balance</i>	8,7	-11,2	-7,2	-8,3	-3,1	-2,5	0,7
Fjárfesting <i>Acq. nonfin. assets</i>	9,3	7,7	4,2	2,8	1,1	1,3	1,7
Tekjuafkoma <i>Net lending/borrowing</i>	-0,6	-19,0	-11,4	-11,1	-4,1	-3,8	-1,0
Hrein peningaleg eign <i>Net fin. assets</i>	-20,6	-59,9	-74,9	-77,6	-82,0	-78,3	-60,1

Tekjuafkoma hins opinbera og fyrirtækja þess var neikvæð um 1% af landsframleiðslu 2013.

Frá hagstjórnarlegu sjónarmiði er áhugavert að skoða efnahagsleg áhrif opinbera geirans í víðari skilgreiningu, þ.e. hins opinbera og fyrirtækja þess. Heildartekjur námu 58,7% af landsframleiðslu 2013 og heildarútgjöld 58,0% og er þetta í fyrsta sinn frá árinu 2007 sem tekjur eru hærrí en gjöld. Tekjuafkoma¹ opinbera geirans var neikvæð um 1,0% af landsframleiðslu 2013 á sama tíma og tekjuafkoma hins opinbera samkvæmt þrengri skilgreiningu var neikvæð um 1,7%. Tekjujöfnuðurinn í heild er enn neikvæður en hefur batnað stöðugt frá árinu 2009 þegar hann varð lakastur.

Mynd 8. Tekjuafkoma opinberra aðila sem hlutfall af VLF

Figure 8. Public sector's financial balance as per cent of GDP



Skýringar Notes: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er ekki meðtalin. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is excluded.

¹ Tekjuafkoma sýnir mismun tekna og rekstrar- og fastafjárútgjalda. Þessi jöfnuður veitir visbendingu um hvort hið opinbera leggur öðrum aðilum hagkerfisins til fjármagn (nettó) eða tekur til sín fjármagn; m.ö.o. hvort hið opinbera hafi þensluhvetjandi áhrif eða ekki.

Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Töflur í ýtarlegri sundurliðun auk samsvarandi upplýsinga um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera:

→ <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera>

English summary

In 2013, the financial balance of the general government was 32 billion ISK in deficit or 1.7% of GDP, which can be compared with a deficit of 3.7% of GDP for 2012. The reduced deficit in 2013 can be explained by 7.4% increase in revenue and 2.7% increase in expenditure. The general government total revenue amounted to 42.5% of GDP in 2013 while its total expenditure amounted to 44.2% of GDP.

In 2013, the total expenditure on health was 8.8% of GDP, of which 80.8% was financed by the general government and the rest by households. The health expenditure per capita was 412 thousand ISK in 2013 and has decreased by 10% in real terms since 2008. The total expenditure on education was 146 billion ISK in 2013 or 7.8% of GDP, of which 90.3% was financed by the general government. The expenditure per capita was 406 thousand ISK in 2013 and has decreased by 13% from 2008 in 2013 prices.

The general government net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, were negative by 971 billion ISK in 2013 or 51.8% of GDP. The deterioration from 2012 is 20 billion ISK. The general government total financial assets amounted to 1,199 billion ISK at the end of 2013 and the total liabilities, 2,169 billion ISK.

The results published here are according to the new ESA standard. At present the revisions have been calculated backwards to 1998. For the government final consumption expenditure the revision leads to decrease in the years 1998–2010 but an increase in the years 2011–2013.

The impact of the ESA2010 implementation is mainly due to R&D, where the expenditure is lowered and net acquisition of fixed assets raised.

Other revisions have also been made in some areas of the government finances. Improved methodology and source data in compilation of Financial Intermediation Services Indirectly measured (FISIM) has the largest effect. The treatment of reimbursement of value-added tax (VAT) to government entities in connection with the purchase of expert services, garbage collection, etc. has been corrected. Other changes are minor, due to better source data.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English at: www.staticis.is/Statistics/National-accounts-and-public-fin/Public-finances.

Tafla 17. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2008–2013

Table 17. The general government statement of operations 2008–2013

Verðlag hvers árs, í milljónum króna <i>Current prices, in million ISK</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	655.803	617.120	641.204	682.426	741.081	795.864
11 Skatttekjur <i>Tax revenue</i>	503.018	462.755	477.979	519.116	561.567	606.243
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	41.644	45.912	63.599	66.820	64.882	69.899
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	1.502	2.156	2.403	2.944	3.733	2.881
14 Aðrar tekjur <i>Other revenues</i>	109.640	106.297	97.223	93.546	110.899	116.842
Heildargjöld (2+31)¹ <i>Total expenditure (2+31)</i>¹	858.137	770.944	798.968	777.410	806.287	827.904
2 Rekstrarútgjöld <i>Expenses</i>	811.701	740.362	778.813	767.920	797.669	813.420
21 Laun <i>Compensation of employees</i>	209.441	217.144	220.037	229.655	242.673	256.819
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	175.403	191.946	193.633	200.444	209.941	218.096
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	27.214	31.992	33.601	35.076	37.090	38.274
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	47.568	96.660	80.247	77.480	89.428	90.598
